

Ár 2014, föstudaginn 19. september kl. 15:45 kom stjórn Fasteignafélags Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson. Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, var fjarverandi vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Aldís Hafsteinsdóttir ritaði fundargerð í tölvu.

1. Kosning formanns og varaformanns.

Lagt til að Aldís Hafsteinsdóttir verði formaður og Eyþór H. Ólafsson verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Eftirlit sumarsins 2014.

Hér mætti til fundar Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingafulltrúi, sem hefur umsjón með fasteignum Hveragerðisbæjar. Fór hann yfir reglubundið eftirlit sumarsins á vélbúnaði sem unnið hefur verið af löggiltum iðnaðarmönnum. Einnig farið yfir annað reglulegt eftirlit. Jafnframt var farið yfir niðurstöðu rannsóknar á útfellingu úr varmaskipti við Hamarshöllina.

Stjórn þakkar upplýsingarnar og telur að eftirlit sé í góðum málum. Stjórn samþykkir að fá Verkís til að gera ytra mat á framkvæmd eftirlitsins.

3. Hækkun nets í salnum.

Lagt fram tilboð frá Hampiðjunni í viðbótar net sem varna á því að boltar knattspyrnumanna fari yfir á boltagólf og annað sem koma á í veg fyrir að golfboltar fari af þúttvelli yfir á gervigras.

Tilboðið hljóðar uppá um 200.000,- auk uppsetningar.

Stjórn samþykkir að kaupa umrædd net og að starfsmenn Hampiðjunnar setji þau upp hið fyrsta.

4. Hulsur utan um vírafestingar.

Lagt fram tilboð frá Seglagerðinni Ægi í gerð varnarhólka utan um vírafestingar utanhúss. Tilboðið hljóðar uppá 308.000,- auk 50-100 þúsund króna í uppsetningu.

Stjórn samþykkir að tilboðinu verði tekið og að vírahólkarnir verði settir upp hið allra fyrsta.

5. Lýsing og hlið.

Formaður gerði grein fyrir umræðu um að bæta þurfi lýsingu í innkeyrslu og að gott gæti verið að setja upp hlið til að varna því að óviðkomandi umferð væri við höllina utan opnunartíma.

Stjórn samþykkir að setja upp 1 ljósastaur við innkeyrsluna en frestar ákvörðun um hlið til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015.

6. Fjárhagsáætlun 2015.

Gerð grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2015.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:350

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Eyþór H. Ólafsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)